

AUGLÝSING

um deiliskipulag reiðleiðar frá Reykjavegi að Hafravatni, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 1. nóvember 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag reiðleiðar frá stað austan Krikahverfis skammt sunnan Reykjavegar allt suður að núverandi reiðleið norðan Hafravatns, þar sem hún þverar Hafravatnsveg.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 6. desember 2006,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2006